

M-73/2016 Álit 26. október 2016

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-73/2016:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 26. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um innheimtu tollmeðferðargjalda við Y. Segir álitsbeiðandi að hann telji „mjög skrítið að þurfa að borga toll af vöru sem [hann] samkvæmt lögum [eigi] ekki að borga neinn toll af“.

II

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kærunefndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um kaup á þjónustu póstflutningsfyrirtækis. Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er kveðið á um það til hverskonar þjónustu lögin nái:

„Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjarmuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjarmunum, [...]”

Samkvæmt framangreindum lagaákvæðum þykir kærunefndinni ljóst að kaup á þjónustu póstflutningsfyrirtækis falla ekki undir þjónustukaupalögin og ekki verður heldur séð að þau falli undir lög um lausafjárkaup eða neytendakaup. Af þessu leiðir að kærunefndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kærunefndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

Kærunefndin telur rétt að benda álitsbeiðanda á að hann getur beint máli sínu til embættis tollstjóra, en sú stofnun fer með stjórn tollamála skv. lögum, þar með talið eftirlit með tollheimtu.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson